

Kæri félagi í fvb

Aðalfundur félagsins árið 2016 verður haldinn í húsnæði EHÍ við Dunhaga. Við verðum í fundarsalum Námu á neðri hæð, föstudaginn 18. mars kl. 16:30.

Dagskrá aðalfundarins er sem hér segir:

1. Kosning fundarstjóra.
2. Tilnefning fundarritara og tveggja atkvæðateljara.
3. Skýrsla formanns og stjórnar, umræður um skýrsluna og hún borin upp til samþykktar.
4. Gjaldkeri leggur fram og skýrir ársreikning félagsins, umræður um ársreikninginn og hann borinn upp til samþykktar.
5. Skýrslur nefnda og umræður um þær.
6. Lagabreytingar.
7. Kosning formanns og varaformanns.
8. Kosning meðstjórnenda.
9. Kosning varamanna í stjórn.
10. Kosning skoðunarmanna reikninga og eins til vara.
11. Kosning nefnda.
 - a. Fræðslunefnd og varamenn.
 - b. Laga-, samskipta- og aganefnd (LSA) og varamenn.
 - c. Skemmtinefnd.
12. Lögð fram fjárhagsáætlun næsta starfsárs.
13. Tillaga stjórnar um félagsgjald og inntökugjald næsta reikningsárs.
13. b) Aukaliður: Tillaga stjórnar að úrvinnslu vegna stöðu endurmenntunarpunkta.
14. Önnur mál.

Við vekjum athygli á aukalið í dagskrá (13. b)) sem er tillaga stjórnar að úrvinnslu vegna stöðu endurmenntunarpunkta. Þessi liður er settur inn vegna uppsafnaðrar stöðu og aðeins að þessu sinni.

Annað:

Stjórn fvb vill gefa félögum og nefndum kost á að senda inn tillögur að lagabreytingum sem kynntar verði á heimasíðu félagsins fimm dögum fyrir aðalfundinn. Ef þú hefur tillögu að lagabreytingu endilega sendu okkur hana á formadur@fvb.is í eftirfarandi formi: 1) Afrita þá grein sem þú vilt koma með breytingatillögu fyrir. 2) Rita þar fyrir neðan þá breytingatillögu sem þú vilt koma með. Ef þú vilt, þá getur þú skilað rökstuðningi með. Hafir þú tillögu að nýrri grein eða viðbót við grein, verður þú að tiltaka hvar þú vilt að hún standi. Fimm dögum fyrir aðalfundinn munum við birta á heimasíðu félagsins allar tillögur sem hafa borist. Þetta er gert til þess að félagar geti almennt tekið afstöðu til og kynnt sér breytingartillögur að lögum félagsins. Þegar hafa borist tvær tillögur að lagabreytingum. Eftir sem áður er hægt að koma með tillögur á fundinum sjálfum.

Stjórn fvb vill einnig gefa félögum kost á að senda inn framboð til stjórnar og til nefndarstarfa svo hægt sé að kynna sér þau fyrir aðalfundinn. Innsend framboð verða birt á heimasíðu félagsins fimm dögum fyrir aðalfundinn. Ef þig langar til að bjóða þig fram til starfa fyrir félagið, endilega sendu okkur línu á formadur@fvb.is með þeim texta sem þú vilt nota til að kynna þig (hámark 150 orð). Þegar hafa borist framboð bæði til stjórnar og í fræðslunefnd. Eftir sem áður er hægt að bjóða sig fram á fundinum sjálfum.

Atkvæðisrétt á aðalfundi hafa þeir félagsmenn sem greitt hafa félagsgjald yfirstandandi árs og eru skuldlausir við félagið.

Við vonum að þú sjáir þér fært að mæta og hlökkum til að sjá þig.

Stjórn fvb